

Kynngimögnuð kynleysa og múgsefjun

Athyglisverður fyrirlestur um námsskrá skóla í Portland í Bandaríkjunum. Þar er börnum talin trú um, að kyn sé í raun ekki til og því verði þau að taka ákvörðun um kyn sitt sjálf. Þessi kynleysukennslufræði hefur einnig náð til Íslands, sprottin úr hugmyndaheimi kvenfrelsaranna, sem eru í þann mund að útrýma karlmennsku og "vana" karlmenn. Í Reykjavík eru þegar til leikskólar, þar sem fræðin eru kennd. Í einum grunnskólanna er börnum kennt um stráka, sem eru stelpur að innanverðu. Hvernig ætli standi á því, að börnum og unglingum líði illa?

Valdafíknar- forsjarhyggjustjórnámálamenn beita hinu opinbera valdi í sífellt auknum mæli til að ná valdi yfir hugum ungiðisins, foreldrum og fjölskyldum. Við látum þetta gerast og förum í gleðigöngu yfir öllu saman. Kynjafjölbreytnin eða kynleysan er frábær - ekki satt? Það segir allavega Katrín Jakobsdóttir og fjólubláa ríkisstjórnin hennar.

Ætli það sé tilviljun eða jafnvel falsfrétt að benda á, að þessi hreyfing náði sért fyrst verulega á strik fyrir rúmri hálfri öld síðan, þegar auðmenn á Vesturlöndum (Bandaríkjunum fyrst og fremst) tóku að fjármagna hana. Það eru reyndar sömu auðmenn, hringar þeirra og sjóðir, sem ráða að mestu fjölmiðlum og æðri menntun, hittast í Davon í Sviss, kalla sig Alheimsefnahagsráðið, og vilja eina alheimsstjórn. Það er auðvelt að stjórna villuráfandi, ístöðulausu og fáfróðu fólki.

<https://www.youtube.com/watch?v=W4q3YkE-05I>